

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Tilgangurinn með því að skrifa skýrsluna er aðallega sá að fá mig til þess að meta heildstætt hvernig mér gekk að framkvæma sumarmarkmið ársins, og birting hennar að veita sjálfum mér aðhald svo ég geti ekki afskrifað mistök þegjandi og hljóðalaust ásamt því að veita öðrum tækifæri til að læra af því sem ég gerði vel og illa. Skýrsla kom út á sínum tíma um framkvæmd sumarmarkmiða ársins 2017 og var það fyrsta skýrslan um þetta efni. Einhverjir hlutar þeirrar skýrslu voru afritaðir yfir í þessa og aðlagðir eftir þörfum.

Í þetta skiptið var ákveðið að þessi skýrsla yrði rituð samhliða framkvæmd sumarmarkmiðanna eftir því sem kostur væri, til að draga úr mistökum sökum misminnis og svo lokaútgáfa hennar væri tilbúin sem fyrst eftir lokafrestinn.

Á sumarmarkmiðalista ársins voru sett 19 aðalmarkmið og 25 uppfyllingarmarkmið.

Efnisyfirlit

Ferlið í gróflega stuttu máli.....	2
Skilyrði markmiða.....	2
Lokafresturinn.....	2
Tillögur og úrvinnsla þeirra.....	3
Grundvallarforsendur markmiða.....	4
Mælanleikareglan.....	4
Reglan um augljós lok.....	5
Raunhæfisreglan.....	5
Röðun á markmiðalistann.....	5
Eftirfylgni með tillögum.....	6
Skipulag framkvæmdar.....	7
Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn.....	8
Markmið tímabilsins.....	8
Aðalmarkmið.....	8
Uppfyllingarmarkmið.....	9
Áfangatímatafla.....	10
Ferðast á fótunum tiltekna vegalengd utandyra - áfangatímatafla.....	14
Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni.....	15
Innimarkmið og útimarkmið.....	15
Ljúka eftirvinnslu á einu skönnuðu ljósmyndaalbúmi.....	16
Ferðast á fótunum tiltekna vegalengd utandyra (fótaferðalag).....	16
Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður.....	16
Ljúka úrvinnslu á þeim bindum af hæstaréttardómum sem hafa nú þegar verið skönnuð inn á þann hátt að bindin séu birtingarhæf á netinu.....	17
Fara yfir fataeign mína og endurnýja eftir þörfum.....	18
Reisa spilaborg.....	19
Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. júní 2018 og er enn í fórum mínum.....	19
Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinnna dómstóla yfir á gagnagrunn.....	19

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Lesna eða hlusta á tiltekinn fjölda bóka sem ég hef ekki lesið eða hlustað á áður.....	20
Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga.....	20
Uppfyllingarmarkmið.....	20
Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma.....	20
Fara á hestanámskeið.....	20
Endurtekning markmiða.....	21
Réttlættingar á ókláruðum markmiðum.....	22
Samanburður við fyrri skipti.....	22
Hvað er framundan?.....	23

Ferlið í gróflega stuttu máli

Fyrst eru sett saman gróf drög að þeim grundvallaratriðum markmiðalistans, meðal annars skráð þau skilyrði sem markmið þurfa að uppfylla til að teljast tæk á listann, ákvörðun tímasetningar tillögufrestarins og lokafrestarins (til að ljúka markmiðunum). Síðan er send út beiðni um tillögur til vana og vandamanna eftir því sem tækifæri gefst, en þó skal þess getið að hver sem er má senda inn tillögu án sérstaks boðs eða tilkynningar. Rétt eftir lok tillögufrestarins hefst vinnan við að raða þeim inn á markmiðalistann. Þegar markmiðin hafa verið formlega sett má hefja vinnuna við að klára þau. Þegar lokafresturinn er liðinn er farið yfir tímabilið og staðan metin út frá því.

Skilyrði markmiða

Í grunni séð er það undir hverjum og einum komið hvaða skilyrði markmið þurfa að uppfylla til að vera sett inn á lista viðkomandi aðila. Mælt er þó með því, upp á að rækja nægilegt sjálfsaðhald, að stefna að því að markmiðin séu skilgreind á skýran hátt og að hægt sé að meta hvort þau teljist klárað með auðveldum og mælanlegum hætti.

Lokafresturinn

Lokafresturinn er sú tímasetning sem markmið skal vera lokið, ellegar telst það óklárað. Á þetta við þrátt fyrir að það klárast sekúnduna sem lokafrestunum ber upp á. Hann er skilgreindur sem ófæranlegur eftir að hann hefur verið formlega settur til að losna við þá freistingu að færa hann eftir að framkvæmd markmiðalistans er hafin. Þá þjónar hann jafnframt sem viðmið svo hægt sé að gera raunhæfari áætlanir hversu mikið hægt sé að klára yfir tímabilið.

Þetta árið var lokafresturinn ekki hinn sami og árin áður þar sem staðan var sú að líklega myndi kennsla á haustönn næsta skólaárs hefjast í seinni hluta ágústmánaðar. Ég taldi betra að forðast þann árekstur sem yrði á milli framkvæmd sumarmarkmiða og ástundun námsins. Árið 2017 hafði ekki legið fyrir staðfesting á umsókn minni um að hefja nám og þar að auki tók ég þá afstöðu að ef framkvæmd sumarmarkmiðanna myndi verða fyrir neikvæðum áhrifum sökum námsins tæki ég tillit til þess. Þó það væri hægt að taka sambærilega afstöðu að öðru sinni taldi ég það samt betra nú í ár að leysa alveg úr mögulegum árekstri þar að lútandi.

Tímasetning lokafrestarinnar nú í ár varð því kl. 00:00:00 þann 18. ágúst 2018, og yrði því að ljúka framkvæmd markmiðanna fyrir þá tímasetningu. Þann 1. maí 2018, þegar sú tímasetning var ákveðin, lá ekki fyrir hvort ég myndi ná endurtökuprófi í 'almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu' er átti að fara fram 23. dag sama mánaðar. Ef ég myndi ná prófinu hefði námið næsta

haust að óbreyttu hafist í seinni hluta ágústmánaðar, en ef svo færi ekki hæfist kennsla haustsins í seinni hluta september. Ákvað ég því að vera varkár að þessu leiti og miða við að ég myndi ná prófinu. Raunin varð hins vegar sú að ég náði því ekki. Vegna þeirrar reglu um að lokafresturinn skuli vera ófæranlegur varð hann áfram óbreyttur þrátt fyrir þessi örlög.

Tillögur og úrvinnsla þeirra

Fyrsta auglýsingin eftir tillögum var birt á Facebook tímálínunni minni þann 7. janúar 2018 og á hana var minnt nokkrum sinnum fram að tillögufrestinum. Lokaði ég síðan fyrir tillögur, þar á meðal mínar eigin, þann 1. júní. Þá nýtti ég mér einnig tillögur sem höfðu borist vegna fyrri sumarmarkmiðalista. Mín persónulega regla er að mínar tillögur þurfa að hafa verið skráðar niður sem slíkar fyrir tillögufrestinn svo þær gildi, upp á að maður sé ekki að stöðugt að skrifa niður fyrri hugdettur um verkefni eftir að fresturinn er liðinn.

Í ár var farin sú leið að minna fólk sérstaklega á tillögufrestinn með því að senda völdum einstaklingum einkaskilaboð á Facebook, og stóð sá hópur aðallega af nákomnum ættingjum og fólki sem hafði sent inn tillögur vegna fyrri sumarmarkmiðalista og hafði ekki þá þegar gert það vegna listans í ár.

Tillögufrestinn skal túlka eins strangt og lokafrestinn. Hann á bæði við um tillögur frá öðrum sem og manns eiginn. Tillögur sem berast áður vegna fyrri markmiðalista ætti ekki að þurfa að senda inn aftur, en gætu þó orðið til þess að auka líkurnar á að þær tillögur verði teknar sérstaklega fyrir. Of mikil vinna færi í að taka afstöðu til hvernar einustu tillögu fyrri ára með sömu vinnubrögðum og eru viðhöfð vegna nýkominna tillagna. Af þeirri ástæðu er litið yfir þær helstu tillögur sem kæmu til greina og gæti verið ástæða til þess að afgreiða aftur eða nánar. Tillögur fyrri ára voru yfirfarnar með þessu hugarfari áður en tillögufrestinum lauk, en engin regla er þó til staðar sem myndi banna slíkt ef á reyndi.

Utanaðkomandi nýkomnar tillögur voru 29 talsins þetta árið en voru 23 árið áður, sem er góð þróun. Lögð var áhersla á að gefa ekki upp afstöðu mína til tillagnanna áður en tillögufrestinum lauk, sérstaklega ef þær voru lagðar fram munnlega. Hjá því var þó ekki komist í einhverjum tilvikum þegar það var bersýnilegt að þær uppfylltu ekki grunnskilyrðin fyrir sumarmarkmið, en ég lagði þá áherslu á að spyrja hvort hægt væri að finna nálgun sem væri hægt að vinna með. Í sumum tilvikum spurði ég nánar út í augljós efni tillagnanna til að spara síðari fyrirhöfn við yfirferð.

Úrvinnsla tillagna var aðeins formfastari nú í ár en árin áður. Áður fyrr fór ég óskipulega á milli allra tillagna og röð þeirra fór eftir einföldu huglægu mati þó ég reyndi að gæti jafnræðis milli minni eigin og annarra. Það mat leiddi til þeirrar hættu að ég færi að hafna utanaðkomandi tillögum á þeim forsendum að þegar samþykkt markmið væru þá þegar orðin nógu viðamikil, eða að þær myndu verða skilgreindar sem uppfyllingarmarkmið á sömu forsendum.

Til að veita utanaðkomandi nýkomnum tillögum meira færi á að komast inn á markmiðalistann var yfirferðarferlinu breytt á þann hátt að utanaðkomandi nýkomnar tillögur voru afgreiddar fyrst áður en ég færi yfir í hinar, og síðan myndi ég taka fyrir mínar eigin nýkomnu tillögur, og loks allar sem voru frá fyrri árum.

Farin var sú leið að setja inn auka lotu fyrir þær tillögur sem krefðust rannsóknarvinnu áður en afstaða yrði tekin, þannig að hægt væri að setja tillögu til hliðar og hún rannsökuð nánar á síðara

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

stigi en að trufla flæðið. Þá myndi ég ekki vera undir pressu um að taka ákvörðun strax áður en ég gæti farið yfir í aðra tillögu. Þegar afgreiðslu allra annarra tillagna væri lokið færi ég yfir þær sem óvissa ríkti um.

Fyrir breytinguna voru flokkarnir fjórir, þ.e. ótímabundin höfnun, tímabundin höfnun, aðalmarkmið, og uppfyllingarmarkmið, og héldu þeir flokkar áfram en að viðbættum óvissuflokki. Ótímabundin höfnun leiðir til þess að tillögu er hafnað án þess að tími sé settur á hvenær hún kemur aftur til greina og kemur hún oftast ekki til greina síðar nema sérstök ástæða sé til að endurvekja hana. Tímabundin höfnun þarf ekki að fela í sér andstöðu við tillöguna, en ástæða gæti verið til þess að setja hana ekki inn á lista viðkomandi árs, til að mynda af þeirri ástæðu að hún teljist ekki tímabær. En einnig gæti verið að tilraunir til þess að aðlaga þær hafi ekki tekist.

Alls fjórtán tillögur fóru inn í óvissuflokkinn og af þeim voru ellefu utanaðkomandi og þrjár mínar eigin. Af þeim tillögum sem fóru inn í óvissuflokkinn var einni þeirra hafnað ótímabundið, sex þeirra var hafnað tímabundið, fjórar samþykktar sem aðalmarkmið og fjórar sem uppfyllingarmarkmið. Ósamræmið í fjöldanum skýrist af því að einni af tillögnum í óvissuflokknum var skipt niður og varð hluti hennar af aðalmarkmiði og annar hluti hennar sem uppfyllingarmarkmið.

Eins og áður nefnd framkvæmd fór fram var mikill meirihluta tillagna sem fóru í óvissuflokkinn utanaðkomandi. Þar spilar auðvitað sú staðreynd að ég sjálfur bý auðvitað yfir meiri þekkingu á kröfunum sem gerðar eru til markmiða og væntanlega meiri þekkingu á því sem ég legg til, þó hún sé auðvitað ekki fullkomin. Í þessu liggur mikill stöðumunur sem gæti vegið óþarflega mikið gegn utanaðkomandi tillögum þar sem tillögur geta fengið synjun á þeim grundvelli að þær krefjist of mikillar rannsóknar eða óleyst álitæfni sem er of stórtækt eða flókið til að leysa í tengslum við það tilefni að vinna úr tillögum.

Augljóst er miðað við framangreint að gera þurfi frekari úrbætur á tillögufuferlinu til að gera það sanngjarnara gagnvart utanaðkomandi tillögum, sérstaklega þær sem krefjast nánari rannsóknar af minni hálfu. Þá væri ágætt að skoða hvort mögulegt sé að stytta þann tíma sem úrvinnsluferlið tekur eftir tillögufrestinn til að nýta betur þann takmarkaða tíma sem sumarið er. Rætt er um röðun á markmiðalistann í öðrum stað í skýrslu þessari.

Grundvallarforsendur markmiða

Markmið sett á listann þurfa að uppfylla nokkrar grundvallarforsendur til þess að rata á listann. Þær eru túlkaðar sem meginreglur og hafa þröngar undantekningar sem beita á í hófi. Eftir því sem reynsla hefur komist á framkvæmdina koma upp sífellt færri undantekningartilvik. Stundum gerist það af slysi og er reynt að læra af þeim atvikum til þess að lækka líkurnar á að það endurtaki sig.

Mælanleikareglan

Reglan gerir það að verkum að markmið skuli vera mælanleg með hlutlægum hætti, sem sagt án þess að tilfinningalegt mat eða ágiskanir ráði of miklu. Því mælanlegri sem árangur markmiðs er, því erfiðara verður að koma með eftir-á-túlkanir í þeim tilgangi að veita afslætti af kröfum þess.

Nauðsynlegt er í sumum tilvikum að beita tilfinningalegu mati eða ágiskunum og þarf því að túlka þessa reglu sem meginreglu sem hafi þó undantekningar. Bæði þarf að gæta þess að túlka hana ekki

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

á þann hátt að hún beinlínis hindri mann í að ná markmiðunum en heldur ekki þannig að hún verði til þess að árangurinn verði of óljós.

Oft eru tilvik þar sem ekki er hægt að mæla einstaka þætti markmiðsins með hlutlægum hætti eða fyrirhöfnin til að koma á slíkri mælingu teldist mér bersýnilega ofviða. Þrátt fyrir slík sjónarmið er með öllu forðast markmið þar sem grundvöllur þess að það teljist klárað byggist (nær) einvörðungu á tilfinningalegu áliti, eins og að ég sé ánægður með eitthvað eða sáttur, og hið sama gildir um mælikvarða sem byggjast á slíku mati af hálfu annarra.

Reglan um augljós lok

Reglan um augljós lok helst mikið í hendur við mælanleikaregluna og leiðir fram tvíþætta viðbót: Fyrst og fremst að markmiðið hafi skilgreindan endi og að það sé augljóst hvenær þeim áfanga er náð. Því má samkvæmt meginreglunni ekki skilgreina markmið án þess að hafa skilgreint fyrirfram hvenær það telst klárað og að það sé fyrir fram augljóst þegar það gerist. Til að mynda bannar reglan skilgreiningu markmiða sem teldust mælanleg en hefðu skilgreiningar sem myndu byggjast á því að viðkomandi myndi gera eitthvað eins oft og þolinmæðin leyfði. Séu lok markmiðs of óljós getur það leitt til frestunarárátu eða það mikillar óvissu að réttmætar efasemdir muni koma fram síðar varðandi hvort það hafi í raun talist klárað eður ei.

Raunhæfisreglan

Raunhæfisreglan kveður á um að hægt verði að ná hverju og einu markmiði fyrir lokafrestinn og að það verði að vera raunhæft að gera það með hliðsjón af öðrum markmiðum sem liggja fyrir sem og öðru sem liggur fyrir yfir tímabilið. Hún leggur því bann við því að setja svo mörg markmið á listann að það sé fræðilegur ógerningur að klára þau öll eða krefðist svo mikillar vinnu að viðkomandi yrði að ofkeyra sig líkamlega og/eða andlega svo það teljist raunhæft að klára þau öll.

Ítrekað er að reglan kveður á um að það sé *fræðilega* raunhæfur möguleiki að viðkomandi persónulega geti almennt klárað það sem og gert það innan tímabilsins. Að það verði svo raunin gæti svo verið annað mál.

Röðun á markmiðalistann

Þegar tillögufrestinum lýkur þarf að vinna úr þeim tillögum sem liggja fyrir. Hafa þarf í huga að eingöngu er um tillögur að ræða og að maður er ekki bundinn við að setja þær á markmiðalistann. Einnig þarf að hafa í huga að synja ekki utanaðkomandi tillögum blákalt á þeim forsendum að þær uppfylla ekki skilyrðin ef það vantar ekki mikið upp á. Þau sem leggja þær til eiga að minnsta kosti skilið að maður leggi í smá vinnu við að sjá hvort hægt sé að aðlaga þær.

Þegar unnið er úr tillögunum þarf bæði að horfa til tillögunnar sjálfar sem og markmiðanna sem þegar hafa verið sett inn. Í heildina ætti að stefna að því að það sé fræðilega raunhæft að klára öll markmiðin á listanum fyrir lokafrestinn. Áætlanir geta hins vegar skorðast af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna utanaðkomandi þátta sem geta hvort sem er hraðað vinnslu markmiðs eða gert manni ókleift að vinna í því á tilteknu tímabili. Þá telst það ekki uppbyggjandi fyrir mann sjálfan andlega ef markmiði er synjað þar sem það var talið óraunhæft að vinna í því á tímabilinu en síðan koma upp sérstaklega hliðhollar aðstæður sem verða til þess að það klárast þrátt fyrir allt en síðan væri það ekki á markmiðalistanum í það skiptið.

Leyst er úr fyrrgreindum aðstæðum með því að skipta markmiðalistanum upp í tvo hluta: aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið. Aðalmarkmið eru þau markmið sem viðkomandi vill sérstaklega vinna að og miðar við að þau klárast öll fyrir lokafrestinn. Uppfyllingarmarkmið eru samkvæmt nafninu þau markmið sem viðkomandi samþykkir að vinna að en án þess að gera sérstaka kröfu um að þeim skuli ljúka fyrir frestinn. Áherslan ætti þó alltaf að vera á aðalmarkmiðin og forðast að vinna að uppfyllingarmarkmiðum fram yfir aðalmarkmið nema aðstæður hverju sinni réttlæti það sérstaklega.

Færri markmið voru samþykkt inn á listann í ár og er hluti ástæðunnar sú að tímabilið er talsvert styttra en árið áður. Helgaðist þetta af einni útlandaferð sem þegar lá fyrir. Þá þurfti jafnframt að gera ráð fyrir einhverjum tíma sem færi í að framfylgja skuldbindingu sem ég þurfti að taka að mér til þess að öðlast styrk vegna þeirrar útlandaferðar.

Þá þarf að athuga að ekki er til staðar neitt ferli um að meta nákvæmt umfang framkvæmdar á einstökum markmiðum, sem felur í sér að matið á því hvort listinn í heild sé allur framkvæmanlegur er afar huglægt. Svo nákvæmar tímaáætlanir, jafnvel þótt það yrði gert með fyrirvara, myndi lengja yfirferð tillagna með afdrifaríkum hætti. Þar að auki yrði óþarflega erfitt að reyna að gera ráð fyrir tímasamnýtingu með samspili framkvæmdar tveggja eða fleiri markmiða á sama tíma. Þá myndi vanáætlun á tíma geta leitt til óþarfra áhyggja ef framkvæmd tiltekins markmiðs færi fram yfir áætlaðan tíma. Enn fremur gæti slíkt haft þau óæskilegu áhrif að fyrirsjáanlega styttri verk væru ósanngjarnlega líklegri til þess að fara inn á listann á kostnað þeirra sem væru viðameiri eða hefðu einhverja óvissuþætti.

Röð markmiða á opinberlega birta listanum er sú röð sem þau eru samþykkt inn á hann og hvorki merki um forgangsröð, umfang, né mikilvægi, að undanskilinni þeirri staðreynd að þau séu aðskilin í aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið.

Eitt álitaefnið sem ég er að íhuga varðandi skiptinguna í aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið er að sum markmiðin eru í eðli sínu slík að þau flokkist sem uppfyllingarmarkmið og gætu af þeim sökum verið föst þar í þeim skilningi að þau séu sett ár eftir ár á þann hluta listans án þess að þau klárast. Í einhverjum tilfellum er raunin sú að ég vil endilega framkvæma þau að endingu en eðli þeirra slíkt að þau krefjist sérstaklega hliðhollra aðstæðna eða skipulagningar svo hægt sé láta verða af framkvæmd þeirra, og eftirsjáin gæti orðið mikil ef slíkar aðstæður kæmu upp það skiptið sem það er ekki á listanum.

Reynsla síðastliðinna ára bendir til þess að framangreinda skiptingin sem slík sé mikilvæg en hins vegar þarf að sporna við þeirri þróun að markmið festist þarna, sérstaklega ef framkvæmd þeirra er fyrirferðamikil eða torvelt að framkvæma með stuttum fyrirvara í stað aðalmarkmiðs. Að öðrum kosti myndi sá listi virðast þjóna sem geymsla fyrir síendurtekin markmið sem myndu eingöngu virðast vera þar til sýnis, þegar raunin á ekki að vera sú. Þessa stundina er engin augljós lausn við þessu vandamáli. Nánar er fjallað um almenna endurtekningu markmiða síðar í skýrslu þessari.

Eftirfylgni með tillögum

Fólki list almennt vel á að það fái persónulegar tilkynningar um afdrif tillagna sinna sem það leggur fram. Þó er betra að vera ekki með of tíðar tilkynningar og takmarka það við þegar markmiðið sem byggir á tillögunni er komið á endanlega markmiðalistann sem og þegar það er klárað, og mögulega

ef mikilvægum áfanga sé lokið. Ef það klárast ekki, að láta viðkomandi vita eftir lokafrestinn. Betra er að eiga ekki frumkvæðið um að láta fólk vita um að tillögur þeirra hafi ekki verið settar á tiltekinn markmiðalista, enda gæti slíkt latt fólk frá því að leggja fram tillögur síðar.

Skipulag framkvæmdar

Til að auðvelda yfirsýn og auka tímasparnað er markmiðum fyrirfram raðað á dagsetningar í ákveðinn langan tíma í senn. Þá gegnir það einnig því hlutverki að passa að ég festist ekki um of í einu tilteknu markmiði dag eftir dag á kostnað allra hinna. Eðli markmiðs getur þó verið þannig, eins og í tilviki ferðalaga, að réttlæt看legt sé að setja það á marga daga í röð.

Gætt er að því að áætla helst ekki framkvæmd markmiðs um helgi (laugardag og sunnudag) til að forðast ofkeyrslu. Helstu undantekningar á þessu er þegar markmiðið er of illfrankvæmanlegt eða jafnvel ófrankvæmanlegt á öðrum vikudögum, eða eðli þess sé þannig að hjá því er ekki komist. Dæmi um síðarnefndu aðstæðurnar er markmiðið um ritun tilfinningadagbókar þar sem kveðið er á um að færsla skuli vera rituð fyrir einhverja tólf daga á fjórtán daga samfelldu tímabili, sem væri ekki frankvæmanlegt ef ég gæti ekki ritað færslu fyrir helgardagana. Ef einhver framkvæmd á sér stað um helgi er reynt að halda henni í lágmarki og á rólegu nótunum.

Framkvæmdin hefur verið sú að setja niður skipulag fyrir næstu tvær vikur í senn og þegar ákveðinn tími er eftir til lokafrestsins verður það ein vika í senn og þegar lokafresturinn er enn nær er það hver dagur fyrir sig. Á hverjum laugardagsmorgni er litið yfir stöðuna eftir þá viku og fyllt inn í skipulagið samkvæmt framangreindu. Reynt er að taka mið af öðrum viðburðum sem liggja fyrir og eru ekki hluti af sumarmarkmiðinum, eftir því sem kostur er. Nú í ár var seinasti dagurinn til að skipuleggja tveggja vikna tímabil þann 21. júlí og þann 28. júlí fór það niður í eina viku. Á síðarnefnda deginum var farið yfir komandi viku eins og hún hafði verið skipulögð og séð hvort breytinga væri þörf. Laugardagsmorgnarnir eftir það (4. og 11. ágúst) fólu þá í sér yfirferð á stöðunni og forgangsröðun á framkvæmd markmiða.

Árið 2016 var tekin upp sú framkvæmd að flokka sumarmarkmiðin í innimarkmið og útimarkmið af þeirri ástæðu að auðvelda framangreinda röðun. Megindrifkrafturinn var sú staðreynd að gera þurfti ráð fyrir hinni breytilegu íslensku veðráttu og þeirri staðreynd að langtímaveðurspár voru þá og eru enn ekki nógu áreiðanlegar fyrir svona áætlanir. Til að mynda ef sett hefði verið útimarkmið á tiltekinn dag og síðan yrði hellirigning þann daginn, þá kom upp sú staða að ég þyrfti annað hvort að framkvæma það með skeifu á vör þrátt fyrir rigninguna eða fara í það ferli að reyna að finna hentugt innimarkmið. Eftir að þessa flokkun var innleidd var hægt að grípa til fyrir fram ákveðins innimarkmiðs við slíkar aðstæður.

Tilgangurinn með fyrirfram röðun er jafnframt sú að það tæki annars of langan tíma að ákveða á hverjum einasta degi hvaða markmið ætti að vinna í þann daginn. Til að léttast af þeim áhyggjum var ákveðið að flokka markmiðin í útimarkmið og innimarkmið. Litið er á útimarkmið hvers dags sem það markmið sem stefnt væri að þann daginn en innimarkmiðið til vara, þó með einstaka undantekningum. Almenn er eingöngu sett eitt útimarkmið og eitt innimarkmið á hvern dag, að því undanskyldu ef framkvæmd tveggja eða fleiri slíkra markmiða sé samhangandi.

Meginreglan er sú að ekki sé sérstaklega reynt að vinna í markmiðum nema þau séu á skipulagi hvers dags. Þetta er þó ekki heilagt enda væri það fátíðlegt ef árangur í markmiði gæti ekki talist nema það sé á skipulagi þess dags eða ófyrirséðar aðstæður verða til þess að skipta þarf yfir í annað

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

markmið. Sum markmið eru þess eðlis að það sé óþarfi að tiltaka þau á skipulaginu í upphafi, heldur dugi að vera vakandi fyrir tækifærum, eins og veitingastaðamarkmiðið nú í ár. Þá eru til markmið sem eru fylgifyskur framkvæmdar annarra markmiða og þar má taka sem dæmi fótaferðalagamiðmið sem hægt væri að framkvæma með öllum markmiðum sem leiða til þess að gengið sé utandyra eða jafnvel sjálfstætt. Vanti eitthvað á framkvæmd slíkra markmiða þegar nálgast lok tímabilsins er mögulegt að setja þau sérstaklega inn á skipulagið í þeim tilgangi að auka líkur á framgangi þeirra.

Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn

Mikilvægt er að túlka það ekki sem svo að þó markmið sé ekki klárað fyrir lokafrestinn, þá teljist það óklárað um aldur og ævi, heldur þjónar það eingöngu sem mælikvarði vegna tiltekins markmiðalista. Ýmsar skýringar geta verið á því af hverju ekki tókst að klára tiltekin markmið innan lokafrestsins, hvort sem ástæðurnar megi rekja til ytri eða innri þátta.

Eftir því sem markmiðin eru fleiri, því líklegra er að einhver þeirra klárast ekki. Hið sama gildir um eðli markmiðanna sjálfra. Það er ekki hægt að sjá fyrir allar mögulegar aðstæður og ef það væri reynt myndi meirihluti tímabilsins fara í undirbúning listans sjálfs og samt sem áður væri vel mögulegt að upp komi óvæntar aðstæður eða upplýsingar sem viðkomandi gerði ekki ráð fyrir. Einhverjar svoleiðis aðstæður komu upp við framkvæmd sumarmarkmiðalistans nú í ár. Rétt væri að beinlínis gera ráð fyrir því að ná ekki að klára þau öll, en reyna þó að komast eins nálægt því og hugsast getur.

Markmið tímabilsins

Alls 19 aðalmarkmið og 25 uppfyllingarmarkmið voru samþykkt inn á sumarmarkmiðalistann í ár. Fylgir hér listi yfir þau og stöðu þeirra við lokafrestinn.

Aðalmarkmið

Titill	Staða við lokafrest
Læra floss	Klárað
Fara a.m.k. tvisvar í almenningsundlaugar út á landi, minnst klukkutíma akstur frá Reykjavík	Klárað
Baka súkkulaðiköku og bjóða einhverjum til að koma og smakka á henni	Klárað
Bjóða Eddu í heimsókn	Klárað
Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. júní 2018 og er enn í fórum mínum	16/?
Ljúka úrvinnslu á þeim bindum af hæstaréttardómum sem hafa nú þegar verið skönnuð inn á þann hátt að bindin séu birtingarhæf á netinu	Klárað
Ferðast á fótunum tiltekna vegalengd utandyra	118,5 / 200 km
Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti	Klárað

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Titill	Staða við lokafrest
Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinnna dómstóla yfir á gagnagrunn	3 / 6
Fara yfir fataeign mína og endurnýja eftir þörfum	Ekki klárað
Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Klárað
Reisa spilaborg	Ekki klárað
Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Klárað
Klára húsnúmerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins	Klárað
Lesið eða hlusta á tiltekinn fjölda bóka sem ég hef ekki lesið eða hlustað á áður	1 / 5
Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga	Klárað
Horfa á fyrstu þáttaröðina af Babylon 5	Klárað
Ljúka eftirvinnslu á einu skönnuðu ljósmyndaalbúmi	Klárað
Rita í tilfinningadagbók þar sem ég rita eitthvað um það sem gerðist fyrir mig hvern dag eða ég hugsaði um, og reyna að koma tilfinningum mínum í orð	Klárað

Uppfyllingarmarkmið

Titill	Staða við lokafrest
Heimsækja Lindu og Ægi í Hollandi	Ekki klárað
Gista a.m.k. eina nótt í tjaldi á tjaldsvæði að eigin vali, annað hvort með öðrum eða bara ég sjálfur	Ekki klárað
Fara að skoða Hvítserk	Ekki klárað
Heimsókn til Hafðísar í Vesturbæinn, fá pönnukökur og spila eina umferð af heimagerða spilinu „Bjarnastríð“	Klárað
Hitta og spjalla við Kristján bróður	Ekki klárað
Kortleggja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fyrir OpenStreetMap	Ekki klárað
Bæta við tilteknum fjölda hugtaka við íslenska Wiktionary	Ekki klárað
Klára að skanna inn fundargögn tiltekinn fjölda funda sem ég hef í fórum mínum	Ekki klárað
Fara einn hring í kringum landið	Ekki klárað
Fara til Vestmannaeyja	Ekki klárað
Fara til Vestfjarða	Ekki klárað
Fara til Austurlands	Ekki klárað

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Titill	Staða við lokafrest
Fara á ströndina við Vík	Klárað
Fara á Þórsmörk	Ekki klárað
Fara til Mývatns og umhverfis	Ekki klárað
Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma	Klárað
Stíga fæti á jökul	Ekki klárað
Prófa Segway	Ekki klárað
Gróðursetja tré	Ekki klárað
Sjá „sjálfstæða kvikmynd“ í kvikmyndahúsi	Klárað
Skrifa og keyra skröpunartól sem skrapar auglýsingar Stjórnartíðinda yfir á gagnagrunn	Ekki klárað
Ljúka eftirvinnslu á öllum skönnuðu ljósmyndaalbúmunum	1/60
Svifvængjaflug í Vík í Mýrdal	Ekki klárað
Ganga á Úlfarsfell, Helgafell og Keili	Ekki klárað
Fara á hestanámskeið	Ekki klárað

Samanber töflurnar fyrir ofan kláraði ég þrettán af alls nítján aðalmarkmiðum og fjögur af alls 25 uppfyllingarmarkmiðum. Í heildina tel ég árangurinn nokkuð góðan þrátt fyrir ýmsa vankanta á framkvæmdinni.

Áfangatímatafla

Skráning helstu áfanga sumarmarkmiðanna er ágætlega takmörkuð þar sem hún er afmörkuð við mælanlegu þætti markmiðanna. Hér má finna lista yfir mælanlegu áfangana í tímaröð:

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
11. júní	Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti	Mál nr. 47/2018 fyrir Landsrétti (1/3)
11. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Veitingastaðurinn 73 við Laugaveg (1/10)
12. júní	Fara á aðalmeðferð í a.m.k. einu dómsmáli fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti	Mál nr. 598/2017 fyrir Hæstarétti og mál nr. S-91/2018 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur (lokið)
14. júní	Ljúka eftirvinnslu á einu skönnuðu ljósmyndaalbúmi	36 ljósmynda albúm (lokið)
14. júní	Ljúka eftirvinnslu á öllum skönnuðu ljósmyndaalbúmunum	Sama og ofan, en vegna uppfyllingarmarkmiðs (1/60+)

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
15. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Ísafold á Þingholtsstræti (2/10)
15. júní	Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma	Listasafn Einars Jónssonar og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (2/5)
15. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (2/42)
17. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Thattoria Magnetti í Galway (3/10)
17. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt götuskilti (3/42)
19. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Fat Freddys í Galway (4/10)
23. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	John Keogh's The Lock Keeper í Galway (5/10)
24. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö götuskilti og eitt húsnúmer (6/42)
25. júní	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Murray's Bar & Grill í Dublin (6/10)
26. júní	Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinna dómstóla yfir á gagnagrunn	Hæstiréttur (1/6)
27. júní	Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinna dómstóla yfir á gagnagrunn	Landsréttur (2/6)
27. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (8/42)
28. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (9/42)
30. júní	Horfa á fyrstu þáttaröðina af Babylon 5	1x00 til 1x03 (4/23)
1. júlí	Horfa á fyrstu þáttaröðina af Babylon 5	1x04 og 1x05 (6/23)
1. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (10/42)
2. júlí	Horfa á fyrstu þáttaröðina af Babylon 5	1x06 til 1x20 (21/23)
3. júlí	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Steakhouse Surf & Turf á Selfossi (7/10)
3. júlí	Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma	Fischeretrið, Selfossi (3/5)
3. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt húsnúmer og fjögur bílnúmer (15/42)

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
4. júlí	Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga	Fyrsta yfirferð færslanna lokið. Sjö WikiData færslur uppfylltu þá þegar skilyrðin eða þurftu smávegis breytingar. (7/150+)
5. júlí	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Gallery Pizza á Hvolsvelli (8/10)
5. júlí	Klára húsnumerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins	Hvolsvöllur (1/2)
5. júlí	Fara a.m.k. tvisvar í almenningssundlaugar út á landi, minnst klukkutíma akstur frá Reykjavík	Almenningssundlaugin á Hvolsvelli (1/2)
5. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt húsúmer og eitt bílnúmer (17/42)
6. júlí	Horfa á fyrstu þáttaröðina af Babylon 5	1x21 og 1x22 (lokið)
9. júlí	Heimsókn til Hafðísar í Vesturbæinn, fá pönnukökur og spila eina umferð af heimagerða spilinu „Bjarnastríð“	Lokið
10. júlí	Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga	35 WikiData færslur kláraðar (42/150+)
11. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (18/42)
12. júlí	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Suður-Vík í Vík í Mýrdal (9/10)
12. júlí	Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma	Skaftfellur, Vík í Mýrdal (4/5)
12. júlí	Klára húsnumerasöfnun fyrir OpenStreetMap í tilteknum fjölda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins	Vík í Mýrdal (lokið)
12. júlí	Fara á ströndina við Vík	Lokið
12. júlí	Fara a.m.k. tvisvar í almenningssundlaugar út á landi, minnst klukkutíma akstur frá Reykjavík	Almenningssundlaugin í Vík í Mýrdal (lokið)
12. júlí	Snæða á tilteknum fjölda veitingastaða sem ég man ekki til þess að hafa snætt á áður	Berg, Vík í Mýrdal (lokið)
12. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (20/42)
13. júlí	Rita í tilfinningadagbók þar sem ég rita eitthvað um það sem gerðist fyrir mig hvern dag eða ég hugsaði um, og reyna að koma tilfinningum mínum í orð	Lokið Færslan fyrir 12. júlí var rituð rétt eftir miðnætti þann 13. júlí.

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
13. júlí	Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinna dómstóla yfir á gagnagrunn	Mannréttindadómstóll Evrópu (3/6)
15. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (21/42)
16. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Átta bílnúmer (29/42)
17. júlí	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. júní 2018 og er enn í fórum mínum	16 bréfaþóstar (16/?)
18. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (30/42)
19. júlí	Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma	Gröndalshús, Reykjavík (lokið)
19. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö færsluatriði í bókum (32/42)
20. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (34/42)
22. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (35/42)
23. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt borðnúmer (36/42)
24. júlí	Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga	67 WikiData færslur kláraðar (109/150+)
27. júlí	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö húsnúmer og fjögur bílnúmer (lokið)
30. júlí	Sjá „sjálfstæða kvikmynd“ í kvikmyndahúsi	You Were Never Really Here, sýnd í Bíó Paradís (lokið)
31. júlí	Klára að skanna inn bréfaþóst sem hafði borist mér fyrir 1. júní 2018 og er enn í fórum mínum	Lokið yfirferð á íbúðinni í leit að bréfaþósti (16/?)
8. ágúst	Lesið eða hlusta á tiltekinn fjölda bóka sem ég hef ekki lesið eða hlustað á áður	Bréf til ungs lögmanns eftir Alan Dershowitz (1/5)
9. ágúst	Ljúka úrvinnslu á þeim bindum af hæstaréttardómum sem hafa nú þegar verið skönnuð inn á þann hátt að bindin séu birtingarhæf á netinu	48 bindi birt (48/134)
11. ágúst	Ljúka úrvinnslu á þeim bindum af hæstaréttardómum sem hafa nú þegar verið skönnuð inn á þann hátt að bindin séu birtingarhæf á netinu	86 bindi birt (lokið)

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
16. ágúst	Bjóða Eddu í heimsókn	Klárað
16. ágúst	Baka súkkulaðiköku og bjóða einhverjum til að koma og smakka á henni	Klárað
16. ágúst	Læra floss	Klárað
17. ágúst	Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga	52 WikiData færslur kláraðar (lokið)

Ferðast á fótunum tiltekna vegalengd utandyra - áfangatímatafla

Sökum sjónarmiða um friðhelgi einkalífs er árangurinn af markmiðinu um fótaferðalag ekki sundurliðaður á einstaka daga, heldur þarf að birta hann með öðrum hætti, og því er hann hafður í sér töflu. Miðað var við heilar vikur frá hverjum laugardegi til næsta föstudags þar sem listinn var birtur á laugardegi og seinasti vikudagurinn fyrir lokafrest var föstudagur. Þá var talið þægilegra að geta reiknað út heildarvegalengd vikunnar á laugardegi áður en farið væri í að skipuleggja næsta tímabil.

Fyrst var vegalengd hvers dags reiknuð út frá skráum með GPS hnitum hvers fótaferðalags, sbr. skilgreiningu markmiðsins, og var vegalengdin í hverri skrá með einhverri námundun, líklega að næsta desímetra. Ef vegalengd einhverrar skrár var einn kílómetri eða lengri var námundað að næsta tug metra. Vegalengdir hverrar viku voru reiknaðar út með samlagningu viðkomandi daga. Þar sem það tæki of langan tíma að fá nákvæmari vegalengdir úr skránum var ákveðið að láta það hjá líða nema sérstök ástæða væri til þess í lok tímabilsins, eins og ef heildarvegalengdin væri nógu nálægt þeim tvö hundruð kílómetrum sem markmiðið hljóðar upp á, að námundanir og/eða skekkjur eins og þessar gætu skipt máli.

Tímabil	Vegalengd á tímabilinu	Áunninn heildarárangur (námundað)
9. til 15. júní	7800,7 metrar	7,8 km (3,9%)
16. til 22. júní	10.494 metrar	18,3 km (9,15%)
23. til 29. júní	14.181,1 metri	32,48 km (16,24%)
30. júní til 6. júlí	23.549,4 metrar	56 km (28%)
7. til 13. júlí	15.749,7 metrar	71,77 km (35,9%)
14. til 20. júlí	16.847,7 metrar	88,62 km (44,31%)
21. til 27. júlí	14.764,4 metrar	103,4 km (51,7%)
28. júlí til 3. ágúst	8.406,1 metri	111,8 km (55,9%)
4. ágúst til 10. ágúst	3512,7 metrar	115,3 km (57,65%)
11. til 17. ágúst	3221,5 metrar	118,5 km (59,25%)
(heild) 9. júní til 17. ágúst	118.527,3 metrar	118,5 km (59,26%)

Farið er nánar út í skýringu á töflunni í viðkomandi hluta um markmiðið.

Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni

Ástæður þess að sum aðalmarkmið voru ekki klárð voru ýmsar. Meðal slíkra markmiða voru einhver sem, við fyrstu sýn, virðast auðframkvæmanleg en reynast það svo ekki þegar á reynir og síðan kemur ýmiss klaufaskapur til greina. Fylgja hér því athugasemdir um framkvæmd allra aðalmarkmiða sem ég náði ekki að klára ásamt athugasemdum varðandi önnur markmið eftir því sem við á.

Innimarkmið og útimarkmið

Er kom að flokkun innimarkmiða og útimarkmiða kom í ljós við framkvæmd ársins að aðalmarkmið sem flokkuðust sem útimarkmið voru rosalega fá í samanburði við innimarkmið. Við röðun inn á skipulagið þurfti því að grípa of oft til þess að setja inn uppfyllingarmarkmið á dagskrána á þeim forsendum að þau voru útimarkmið. Við þessar aðstæður var auðvitað ánægjulegt að uppfyllingarmarkmiðin voru til staðar til að redda slíkum tilvikum en áhyggjurnar eru aðallega á þeim forsendum að þetta varð reglulegt svo snemma.

Ekki var um eiginlegan skort á tillögum um útimarkmið en hlutfallslega urðu þau talsvert fleiri að uppfyllingarmarkmiðum en aðalmarkmiðum. Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en sumarmarkmiðalistinn varð bindandi og þar af leiðandi óbreytanlegur. Flokkun í innimarkmið og útimarkmið er ekki hluti af ferlinu við gerð markmiðalistans heldur fer hún fram sem hluti af nánari framkvæmd eftir á.

Þó útimarkmiðin á lista þessa árs voru sum hver stór að umfangi skiptir einnig máli að til staðar sé ákveðið lágmarksúrval til að forðast þær aðstæður að áætlað sé að framkvæma sama markmið tvo daga í röð, þó það sé auðvitað ekki eins mikilvægt í lok tímabilsins. Hins vegar kemur annað sjónarmið um að of mörg útimarkmið gætu verið slæm ef veðrið yrði síðan ekki hagstætt, eins og hefði orðið þetta sumarið ef þau væru fleiri. Í þannig tilvikum yrði það slæmt fyrir heildarárangurinn mældum í fjölda kláraðra markmiða ef útimarkmiðin væru mörg.

Í framkvæmdinni hafa útimarkmið almennt verið látin bera forgang yfir innimarkmið í skipulagi hvers dags, enda erfiðara að vita hvernig veðrið reynist vera í lok tímabilsins og þar af leiðandi betra að ljúka þeim af. Auk þeirrar staðreyndar taldi ég almennt væri betra að nýta sumarið til að vera úti við heldur en inni. Við aðstæður þar sem velja þarf mörg uppfyllingarmarkmið sem útimarkmið kemur það álitaefni varðandi þá forgangsröðun þegar útimarkmið tiltekins dags er uppfyllingarmarkmið en innimarkmiðið er aðalmarkmið. Þar rekast á sjónarmiðin um að aðalmarkmið eiga almennt að bera forgang yfir uppfyllingarmarkmið. Slíkar aðstæður eru nokkuð skiljanlegar þegar þetta gerist stöku sinnum eða framkvæmd þeirra aðalmarkmiða sem séu útimarkmið hefur gengið það vel að þau séu tæmd eða næstum tæmd. Þegar þau eru of fá í upphafi gæti þetta orðið að miklu vandamáli.

Athuga þarf samt að útimarkmið eru þau markmið sem krefjast þess að ég framkvæmi þau (aðallega) utan heimilis míns. Stundum dugar rigningarveður eða vindasamt veður til þess að gripið sé til innimarkmiðs frekar en útimarkmiðsins sem var skipulagt þann daginn. Síðan í öðrum tilvikum skiptir þannig veður ekki máli þar sem útimarkmiðið krefst þess eingöngu að ég fari út af heimilinu og yfir á annan stað sem er inni, og er veitingastaðamarkmiðið nú í ár dæmi um slíkt. Aðrar aðstæður gætu alveg komið upp, eins og stormviðvörðun, sem gætu orðið til þess að fólki sé ráðlagt að ferðast ekki nema af nauðsyn, en slíkar aðstæður að sumri til eru þó sjaldgæfar.

Íhuga þarf breytingar á ferlinu við gerð sumarmarkmiðalista í framtíðinni með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum.

Ljúka eftirvinnslu á einu skönnuðu ljósmyndaalbúmi

Markmiðið var klárað innan heils dags frá því að framkvæmd þess hófst. Oft tók hver skrá innan við tíu mínútur frá því að fyrri skrá var fullvistuð. Sé gert ráð fyrir að meðaltalið sé fimm mínútur myndi 36 ljósmynda albúm taka 180 mínútur (3 klst.). Mappan sem inniheldur öll skönnuðu eintökin er með 3572 hluti. Sé gert ráð fyrir að allir upptöldu hlutirnir séu ljósmyndir úr albúmunum yrðu þetta 17.860 mínútur (um 12,4 dagar). Að þessu sögðu var það væntanlega rétt ákvörðun að setja ekki allt verkið sem aðalmarkmið. Í framhaldinu væri væntanlega ráðlegt að reyna að stytta umrætt meðaltal eða taka fyrir einn búið við og við þar til því er lokið, eða finna sjálfvirka leið til að vinna albúmin.

Ferðast á fótunum tiltekna vegalengd utandyra (fótaferðalag)

Áður en farið er út í árangurinn er ágætt að minnst á nafngift markmiðsins. Skýringin er sú að ‚ganga‘ eða ‚fótganga‘ nær ekki alveg yfir þær aðferðir sem má beita og er komið stuttlega að þeim í nánari skilgreiningu þess. Meðal annars eru skrið, skokk eða hopp ekki aðferðir sem myndu ná yfir göngur en áttu að vera mögulegar. Vísað er til þess með hugtakinu ‚fótaferðalag‘.

Sundurliðunin á áfangatímatöflu markmiðsins gefur til kynna tíu heilar vikur. Að meðaltali þyrfti árangurinn að vera um tuttugu kílómetrar á viku og eðlilega þyrfti styttri eða vegalengd en meðaltalið í einni viku hafa áhrif á meðaltal þeirra sem eftir væru. Niðurstaðan fyrir fyrstu þrjár vikurnar gaf til kynna að bæta þyrfti í til að ná að minnsta kosti meðaltalinu þaðan af auk þeirra vegalengda sem vantaði upp á meðaltal umræddra vikna.

Árangurinn var því miður ekki góður þar sem ég náði að fara um 118,5 km af þeim 200 km sem stefnt var að. Þetta eru um það bil 3/5 hlutar markmiðsins. Þann 4. ágúst var ákveðið að hætta að vinna sérstaklega í markmiðinu enda ólíklegt að ég myndi ná að ganga næstum 90 km á tveimur vikum á sama tíma og ég myndi vinna að hinum markmiðunum. En þó var haldið áfram að mæla eins og gert hafði áður.

Veðrið spilaði stórt hlutverk að þessu leiti enda margir rigningardagar. Auk þess voru sumir góðviðrisdagar þar sem ég gat ekki gengið þar sem ég var of uppgefinn í fótunum frá því daginn áður. Auk þess var alls ekki reiknað með þeirri sérstöku áherslu sem innimarkmiðin gætu fengið í lokasprettinum þar sem talsvert meira var af þeim en útimarkmiðum. Markmiðið er gott í sjálfu sér en í þessu tilviki hafði ég líklega ofreiknað þá mögulegu vegalengd sem ég gæti ferðast á tímabilinu.

Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður

Þó markmiðið virðist vera einfalt í framkvæmd gæti það verið erfiðleikum bundið, þegar markmiðið er endurtekið eins og í þessu tilviki, að gæta að þeim þætti skilyrðanna að hafa ekki áður tekið mynd af viðkomandi fyrirbæri. Eftir því sem markmiðið er endurtekið oftast verður ólíklegra að finna áður óljósmynduð fyrirbæri með 42-merkingu.

Í ár voru ekki nein sérstök vandræði við að gera það innan frestsins en gæti orðið torveldara í næsta skipti, sérstaklega þegar langflest húsnúmerin á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni geta ekki talist gild og sífellt fleiri bílnúmer. Ekki er talið við hæfi að fara í ökutækjaskrá til að elta uppi möguleg ný bílnúmer og því væri engin nógu áreiðanleg leið til þess að finna nógu mörg í tæka tíð. Eðlilega séð er óvitað hversu margar aðrar tegundir fyrirbæra hafa slíka merkingu, sem leiðir fram óvissu um endurtekningu. Sé markmiðið íhugað fyrir síðari markmiðalista þyrfti að ígrunda sérstaklega möguleikana á að finna nógu mörg ný fyrirbæri með 42-merkingu áður en ákvörðun er tekin hvort það ætti að fara inn á þann lista.

Ljúka úrvinnslu á þeim bindum af hæstaréttardómum sem hafa nú þegar verið skönnuð inn á þann hátt að bindin séu birtingarhæf á netinu

Umrædd úrvinnsla fólst í því að vinna úr þegar skönnuðum eintökum af bindum með hæstaréttardómum. Hvert bindi var í sér möppu og voru þær samsettar með mismunandi hætti, enda þurfti að fara í gegnum mismunandi skanna á sínum tíma. Áhersla var lögð á að finna eins sjálfvirka leið til að fara í gegnum hvert bindi og fýsilegt væri, framkvæmd með forriti (scriptu). Forritið færi í gegnum hverja möppu fyrir sig og myndi framkvæma fyrir fram ákveðnar aðgerðir til að vinna úr blaðsíðunum og skila tilbúnu, eða svo næst því tilbúnu PDF eintaki af viðkomandi bindi. Þá færi fram gróf handvirk yfirferð á eintakinu til að sjá hvort augljósir ágallar væru til staðar. Komi enginn slíkur ágalli í ljós yrði litið svo á að bindið væri tilbúið til opinberrar birtingar. Finnist slíkur ágalli yrði reynt að lagfæra hann eftir bestu getu og bindið færi svo í aðra grófa yfirferð.

Gera þurfti ráð fyrir ýmsum mögulegum aðstæðum við úrvinnslu bindanna og sníða forritið í samræmi við þær. Samsetning skráanna gat meðal annars verið sú að blaðsíðurnar voru í PDF eintökum þá þegar sem þurfti að vinna úr en að öðru leiti væru þær þegar raðaðar. Síðan var einnig sá möguleiki að hver blaðsíða væri í sér skrá þar sem ein mappan var með oddatölublaðsíðum röðuðum í blaðsíðuröð og síðan önnur mappa með jöfnum tölum röðuðum í öfugri blaðsíðuröð.

Sá möguleiki var fyrir hendi að blaðsíður vanti í skannaða eintakið og þyrfti því að skanna þær inn handvirkt, væru þær til staðar. Jafnframt þurfti að gera ráð fyrir því að blaðsíða væri til staðar en þyrfti að skipta henni út fyrir endurskannað eintak. Einnig var sá möguleiki að blaðsíðum væri ofaukið, sérstaklega ef það myndi rugla í blaðsíðuröðinni, og átti það sérstaklega við auðar blaðsíður. Tryggja þyrfti því að leiðréttingarnar færi fram með réttum hætti. Að lokum var sá möguleiki að kort og/eða uppdraettir fylgdu með í bindunum, hvort sem þær blaðsíður voru hluti af upprunalegu blaðsíðuröðinni eða ekki. Í þeim tilfellum var erfitt að ákveða hvort setja ætti kortin inn í eintakið á þann stað sem þau voru í upprunalega bindinu, eða hafa þau á sérstökum stað til að auðvelda uppfléttingu eftir blaðsíðunúmeri. Ákveðið var að endingu að gera hið fyrrnefnda en skrá slík tilfelli sérstaklega upp á að einfalda uppfléttingartólum framtíðarinnar verkið við að finna rétta blaðsíðu.

Gerð var fylgisíða sem skotið var inn á eftir fyrstu síðu PDF skjalanna þar sem komu fram almennar upplýsingar og fyrirvarar vegna þeirrar útgáfu. Ef sérstakar athugasemdir um það tiltekna bindi lágu fyrir voru þær settar á fylgisíðuna.

Á skipulagið var búið að merkja að 9. ágúst væri sá dagur sem miðað væri við að öll eða langflest bindin væru birt, upp á að þurfa ekki að viðhalda skráningu vegna fjögurra sólarhrings frestarins á tilkynningum um ágalla. Hins vegar vildi svo til að aflagjafinn í tölvunni sem var að vinna bindin

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

bilaði að morgni Fríðags verslunarmanna (6. ágúst) og tækifærið gripið til að uppfæra tölvubúnaðinn. Til að gera lengri sögu styttri var ekki hægt að halda áfram með keyrslu forritsins fyrir en þann 8. ágúst. Þegar viðmiðið um 9. ágúst var skoðað nánar hefði það átt að hljóða upp á 8. ágúst þar sem tímabilið frá lokum þess dags til loka 12. ágúst eru fjórir sólarhringar. Þrátt fyrir að þessi mistök hefðu ekki átt sér stað varð fyrrgreind bilun samt til þess að því varð ekki náð.

Framkvæmdin á fjögurra sólarhrings frestinum varð sú að ekki var skráð nákvæm tímasetning á hverju einasta bindi, heldur var hvert tilvik metið ef tilkynning bærst fyrir lokafrestinn. Til að einfalda skráninguna var ákveðið að uppfæra ekki fjölda binda fyrir en eftir lokafrestinn, við lok fjögurra sólarhringa frestar seinasta bindisins, eða þegar lagfært eintak væri sett inn, svo ekki þyrfti að lækka töluna ef gild tilkynning kæmi sem ekki næði að laga fyrir lokafrestinn. Áfangatímataflan í skýrslu þessari miðar við þann almanaksdag sem hvert bindi var fyrst birt. Þar sem slóðin var ekki tilkynnt opinberlega fyrir en kl. 22:35 þann 9. ágúst teljast bindi með fyrri tímasetningar ekki birt fyrir en á fyrrgreindum tíma. Annar skammtur var birtur þann 11. ágúst.

Engar utanaðkomandi tilkynningar bárust um einstaka ágalla fyrir tilkynningarfrestinn en ég uppgötvaði nokkur tilfelli þar sem sumar blaðsíður voru talsvert stærri en hinar. Af einhverjum orsökum gerðist það í einstaka tilfellum þegar um var að ræða auðar blaðsíður, og einnig þegar bæta þurfti við eða skipta út blaðsíðum fyrir aðrar sem skannaðar voru í öðrum skanna. Þeir ágallar voru lagfærðir og útgáfa 1.1 af viðkomandi bindum birt þann 17. ágúst.

Einhver bindi voru óskönnuð þegar markmiðið var sett en í þeim tilvikum var það vegna þess að mér hafði ekki enn áskotnast þau. Áætlað er að útvega þau við tækifæri og skanna inn. Markmiðið var skilgreint viljandi á þann hátt að eingöngu þau bindi sem ég hafði þegar skannað inn töldust með.

Fara yfir fataeign mína og endurnýja eftir þörfum

Fataeignarmarkmiðið var eitt af þeim markmiðum sem unnið var í á seinustu dögnum. Þann 13. ágúst á meðan ég var í heimsókn hjá foreldrunum ræddi ég við móður mína til að fá hennar álit á þeim hámarkstímum sem ég ætti að vera í hverri tegund fatnaðar.

Þann 17. ágúst, sem sagt á seinasta deginum, ákvað ég að fara í það verk að meta þörfina miðað við þær kröfur sem skilyrði markmiðsins settu. Eftir það fór ég að telja fötin til að sjá af hverjum ég ætti nóg, og hverjum ekki. Þar sem mér var kunnugt um að sumir bolanna sem ég átti pössuðu ekki á mig ákvað ég að máta þá alla eða allavega að lágmarksfjöldanum sem ég hafði reiknað út að ég þyrfti að eiga. Niðurstaðan var sú að ég myndi þurfa að kaupa flestar tegundir fatnaðar sem ég hélt tölu á og ætti eingöngu nægar yfirhafnir og boli.

Ég bjóst við að ég myndi ná að læra nóg varðandi fatakaup á netinu til að geta bjargað mér um fötin í þetta skiptið, og fór ég í það verk um síðdegisbilið. Þegar leið á kvöldið og ég hafði eingöngu getað keypt peysur, batt ég enda á framkvæmdina. Fyrir utan þá staðreynd að maður þarf greinilega lengri tíma en nokkrar klukkustundir til að kaupa þetta magn af fötum, þá virðast söluvefirnir þurfa að bæta viðmótið sitt til muna þegar kemur að þeim hópi mögulegra viðskiptavina sem eru ekki vanir hugtökunum og einnig voru sumir óhjálpsamir er kom að því að meta hvort tiltekin fatastærð samsvaraði tilteknum mælingum.

Þó markmiðið hafi ekki verið klárað hef ég allavega reiknað út þörfina og get því við tækifæri farið í það verk að kaupa það sem á vantar. Ekki ætti að vanmeta þörfina á að reyna að meta framkvæmdina betur þegar verið er að vinna markmiðalistann eða a.m.k. sanka að sér þekkingunni fyrir á framkvæmdartímabilinu ef maður hafði hana ekki áður.

Reisa spilaborg

Þann 16. ágúst reyndi ég við spilaborgarmarkmiðið í um eina og hálf klukkustund og komst lengra í því nú í ár heldur en fyrra árið. Í þetta skiptið notaði ég annan spilastokk þar sem ég lærði af þeim mistökum að nota ekki eins bogin spil og þá. Í fáein skipti náði ég að reisa grunninn að þriðju hæðinni en hins vegar var undirstaðan svo viðkvæm að tilraunir mínar til að láta þakspilin standa urðu til þess að hún hrundi. Eftir að það gerðist í nokkur skipti taldi ég tímanum betur varið í að vinna að öðrum markmiðum. Ástæðan fyrir því að ég reyndi ekki við það fyrr var að ég taldi mikilvægt að ljúka tiltektinni í íbúðinni áður en ég reyndi við það.

Klára að skanna inn bréfapóst sem hafði borist mér fyrir 1. júní 2018 og er enn í fórum mínum

Sambærilegt markmið hafði verið sett árið áður með annarri dagsetningu. Nú í ár hafði verið lagaður skilgreiningargalli sem gerði ekki ráð fyrir þeim möguleika ef yfirferð á íbúðinni í leit að fleiri bréfapóstum myndi ekki fara fram innan frestsins. Lagfæringin var á þá leið að í slíkum tilfellum yrði markmiðið talið óklárað óháð árangri að öðru leiti. Yfirferðin fór fram í þetta skiptið innan skilgreindra tímamarka en ekki var haldið áfram að skanna bréfapóstana eftir það. Meðal ástæðanna var sú staðreynd að þeir bréfapóstar sem fundust voru nokkuð margir og flæðið á þann veg að ákveðið var mikilvægara að vinna í öðrum markmiðum en þessu, eins og í allsherjartiltekt sem væri undanfari ýmissa annarra markmiða.

Ástæðan fyrir því að ekki er birt hver sé heildartala bréfapóstanna er að ekki hafði verið tekin afstaða í öllum tilvikum hvort viðkomandi bréfapóstur fellur undir skilgreininguna sem slíkur í ljósi markmiðsins eða ekki.

Semja og keyra skröpunartól sem skrapar saman lista yfir dómsúrlausnir tiltekinna dómstóla yfir á gagnagrunn

Þetta sumarmarkmið var klárað að hluta þar sem skilyrðin voru uppfyllt er kom að þremur dómstólanna af sex talsins. Hæstaréttarluta þess lauk þann 26. júní og lokið var við Landsrétt daginn eftir. Meginástæðan fyrir þessu stutta millibili var að eftir að lokið var við Hæstarétt var strax farið í Landsrétt og var lítið eftir í lok dags. Þar sem báðir vefirnir voru reknir á sama kerfi var ekki mikið mál að aðlaga kóðann að Landsrétti. Skröpun lista yfir dómsúrlausnir á vef Mannréttindadómstóls Evrópu (MSE) lauk þann 13. júlí en í því tilviki fór vinnan aðallega í að ákveða gagnagrunnsskipulagið þar sem sá dómstóll birtir svo mikið af þeim fyrir hverja dómsúrlausn og vilji var til þess að samnýta keyrsluna til að skrá eitthvað af þeim. Einhver vinna var sett í aðra dómstóla en síðan laut það stundum lægra haldi fyrir öðrum markmiðum, sérstaklega þegar nálgaðist lok tímabilsins.

Lesað eða hlusta á tiltekinn fjölda bóka sem ég hef ekki lesið eða hlustað á áður

Árangur markmiðsins var ein bók sem ég kláraði að lesa þann 8. ágúst. Önnur bók var lesin í þessum tilgangi en síðan uppgötvaðist að hún uppfyllti ekki skilyrðið um lágmarkslengd. Get játað það að þetta markmið gleymdist einum of oft í amstri skipulagsins þegar leið á júlí- og ágústmánuð. Það fór nokkrum sinnum á skipulagið í júní en það vildi alltaf svo til að útímarkmið dagsins hlaut forgang sökum góðs veðurs, en síðan fór það sjaldnar á skipulagið. Það var ekki fyrr en fyrir fram ákveðna skipulagið leið undir lok að þessi eina bók var lesin auk tölvubílnar sem útilokaði framkvæmd margra annarra markmiða.

Hugmyndir voru undir lokin um að reyna að finna fjórar hljóðbækur sem væru rétt yfir ein klukkustund í áheyrn en þær drukknuðu í þeirri önn að ljúka öðrum markmiðum. Auk þess hefði væntanlega tekið einhvern tíma að finna fjórar slíkar bækur sem ég hefði áhuga á að heyra, og datt það því niður um sjálft sig.

Yfirferð á WikiData færslum um ráðherra Íslands þannig að hver færsla innihaldi að lágmarki tilteknar tegundir upplýsinga

Markmiðinu var lokið þann 17. ágúst en við framkvæmdina kom upp það álitaefni varðandi fyrri og seinni ráðherra í sama embætti í þeim tilvikum þegar gögnin voru ekki samfelld að því leiti. Á WikiData er hægt að setja inn svokallað „ekkert gildi“ þegar vitað er að ekkert slíkt gildi er, sem gagnast í þessu tilviki þegar vitað er að enginn annar ráðherra er á undan eða eftir viðkomandi. Það var ekki fyrr en rétt fyrir upphaf Seinni heimstyrjaldarinnar að ráðherraembættin utan embætti forsætisráðherra urðu fastskorðaðri. Ef margra ára gat var á milli embættistímabila fyrri ráðherra og þess næsta gat álitaefnið verið hvort setja fyrri ráðherrann sem forvera þess seinni, og öfugt. Ákveðið var að sleppa því að tengja ráðherra saman með þeim hætti í þeim tilvikum, hvorki með yfirlýsingu um „ekkert gildi“ né að annar þeirra sé forveri hins.

Uppfyllingarmarkmið

Vegna eðlis uppfyllingarmarkmiða er ekki sett sú krafa að útskýra af hverju einstaka markmið á þeim lista var ekki klárað. Af þeirri ástæðu er það ekki gert nema sérstakar athugasemdir séu gerðar.

Heimsækja tiltekinn fjölda safna sem ég hef ekki heimsótt áður eða í langan tíma

Við framkvæmd markmiðsins kom upp það álitaefni hvernig ætti að leysa úr vafatilvikum hvað teldist safn eða ekki. Til að mynda hvort miða ætti við tiltekna lýsingu á aðstöðunni eða tilteknir alþjóðlegir staðlar sem söfn þurfa að gangast undir. Það sem myndi mæla gegn því að nýta alþjóðlega staðla er að þeir geta verið nokkuð strangir og gætu minnkað úrval safna gríðarlega ef beitt. Auk þess veit ég ekki um lista yfir söfn sem teljast uppfylla þá.

Fara á hestanámskeið

Ekkert var unnið í þessu markmiði yfir tímabilið sökum annarra markmiða en á framkvæmdartímabilinu hugsaði ég út í hvort nægar líkur séu á því að það sé laust pláss á

hestanámskeiði er færi fram yfir sumarið í samræmi við skilyrði markmiðsins. Þar sem sumur eru líklegri til að hafa hagstæðara útveður og frítími mikill væri þar að auki líklegra að fólk myndi skrá sig á hestanámskeið er færu fram að sumri til. Það gæti leitt til aukinna líkna á að fullbókað sé á slík námskeið á þeim tíma sem markmið eins og þetta væri sett.

Mótsögn gæti þá komið upp ef ég myndi skrá mig á slíkt námskeið fyrir tillögufrestinn vegna andstöðu minnar við að skrá eitthvað sem markmið sem er þegar (svo gott sem) öruggt. Þetta væri líkt því að setja inn sem markmið að heimsækja tilteknar erlendar borgir þegar ferðirnar til þeirra væru þegar bókaðar. Fræðilega gæti ég reynt að finna laust pláss á námskeiði eftir setningu markmiðsins en í því felst rosaleg óvissa.

Endurtekning markmiða

Eitthvað var um það að markmið voru sett aftur á sumarmarkmiðalistann þrátt fyrir að þau hafi verið sett á fyrri markmiðalista, hvort sem tekist hafi verið að klára þau á sínum tíma eða ekki. Ekki hefur verið sett nein meginregla sem fjallar um endurtekningu á markmiðum enda var engin teljandi reynsla komin á því sviði. Á móti glittir í einhverjar vísbendingar um hefðir í mótun. Ein þeirra er sú að mikill tregi er við að samþykkja endurtekið markmið óbreytt ef enginn árangur var skiptið áður. Ástæðurnar fyrir vanframkvæmdinni eru þá metnar og þá séð hvort það sé óhætt að reyna við það aftur.

Passa verður sérstaklega að endurtekning markmiða hafi ekki neikvæði áhrif á fjölbreytni listanna á þann hátt að listarnir verði einsleitir að undanskildum fáeinum markmiðum. Annars ýtir það á endanum undir þá tilfinningu að óhætt sé að fresta framkvæmd markmiðanna yfir á næsta skiptið, sem áfram leiði til þess að markmiðalistarnir missi marks. Af þeim sökum þarf að koma á einhverri reglu sem lækkar líkurnar á því. Athuga þarf þó að skiljanlegt gæti verið að sum markmið komi endurtekið fram á listanum í einhvern tíma, en þá þurfa þær ástæður að vera meðvitaðar og sérstaklega passað upp á fjölda markmiða sem eru sett með endurteknum hætti í hvert skiptið.

Þegar markmið fer að birtast endurtekið þarf að skoða ástæður þess með hliðsjón af framkvæmdinni í hin skiptin. Þá þarf að skoða hvort endurskilgreina ætti markmiðið miðað við þær ástæður sem liggja að baki vanframkvæmdinni. Sömuleiðis þarf að endurmeta hvort markmiðið uppfylli í raun grundvallarforsendur markmiða, sem sagt mælanleikaregluna, regluna um augljós lok, og raunhæfisregluna.

Eitt fyrsta skrefið í þeim efnum er að meta hvort áhuginn sé enn til staðar og/eða sé nógu mikilvægt. Liggi hvorugt fyrir gæti komið til greina að hætta að setja markmiðið aftur á listann þar til annaðhvort á aftur við. Annað sem kæmi til greina er að íhuga hvort önnur nálgun á markmiðinu væri vænlegri til árangurs.

Sé það talið of umfangsmikið væri hægt að minnka umfangið með því að krefjast minni árangurs en áður, eins og ef markmiðið hljómar upp á að hlaupa maraþon að minnka það þá í 5 eða 10 kílómetra, sjá síðan hvernig það tekst og í framhaldinu meta stöðuna út frá því. Fólk á það oft til að setja óraunhæf markmið og finnast þau síðan svo óviðráðanleg að þau gefast snemma upp eða byrji ekki einu sinni. Því gæti þurft að brjóta markmiðið niður í fleiri áfanga, jafnvel þótt það leiði til þess að markmiðinu klárast ekki eins snemma og viðkomandi myndi búast við.

Stundum er farin sú leið að brjóta það niður á þann hátt að tiltekinn hluti þess er settur sem aðalmarkmið en afgangurinn í heild eða hluta sem uppfyllingarmarkmið. Sé aðalmarkmiðið klárað og það sé síðan auðveldara en talið var í upphafi, að veita þann möguleika að vinna í því áfram í formi uppfyllingarmarkmiðs.

Réttlættingar á ókláruðum markmiðum

Gera ætti beinlínis ráð fyrir því að ekki náist að framkvæma öll markmiðin á listanum og geta ýmsar skýringar legið að baki slíku fyrir hvert einstaka tilvik. Að því undanskildu að maður klári seinasta markmiðið rétt fyrir lokafrestinn er ætíð hætta á eftirsjá varðandi það að hafa ekki sett fleiri markmið á listann.

Markmiðalistinn ætti að vera settur upp til þess að veita ákveðið svigrúm þar sem fólk ætti að hafa val um það hvaða markmið ætti að koma til framkvæmda dag hvern. Auk þess geta ýmsir utanaðkomandi þættir orðið til þess að takmarka það hvaða markmiðum hægt sé að vinna í á hverjum tíma. Sé hvert einasta markmið klárað bendir það til þess, utan algerrar tilviljunar, að slíkt hafi ekki átt sér stað. Þá skal athuga að gangi svo vel eitt árið en ekki næsta ár, þá gæti viðkomandi orðið fyrir vonbrigðum.

Þetta þýðir þó ekki að fólk ætti að haga framkvæmdinni til að koma í veg fyrir það náí að klára allan listann, eins og með því að setja markmið á listann sem það veit að það getur ekki klárað. Raunhæfisreglan hefur fullt gildi hvað þetta varðar. Hjá því verður ekki komist að raunveruleikinn er ekki alltaf sá sem við höldum í upphafi, og því líklegt að við gerum ýmis mistök sem leiða til þess að markmiðin taki lengri tíma en við áætluðum í upphafi eða hreinlega klárast ekki innan frestsins.

Ein aðferðin mín til þess að leysa þetta vandamál er setning svokallaðra uppfyllingarmarkmiða, sem eru til uppfyllingar hinum markmiðunum, eins og nafnið bendir til. Um þau gilda ekki eins ströng skilyrði og gilda um aðalmarkmiðin þar sem þau mæta afgangi, eins og hægt sé að klára þau með hliðsjón af öðrum markmiðum. Athuga þarf samt að það þarf samt að vera hægt að klára þau, bæði almennt og að einhverju leiti með hliðsjón af öðru því sem er á dagskrá tímabilsins. Af þeim sökum yrði ekki talið við hæfi að setja inn uppfyllingarmarkmið sem væri ekki hægt að klára þótt ekki yrði unnið í neinu öðru markmiði á tímabilinu. Þau losna ekki undan öðrum kröfum sem grundvallarforsendurnar gera, sem sagt að árangur þeirra sé mælanlegur og eins auðvelt að sjá hvenær þeim telst lokið.

Samanburður við fyrri skipti

Eftir að búið er að meta árangurinn við framkvæmd sumarmarkmiðanna í þetta skiptið vaknar upp spurningin um tölfræðilegan samanburð við hin skiptin. Á þessari stundu er mér ekki kunnugt um neina aðferð sem væri bæði lýsandi og áreiðanleg. Sú fyrsta sem kæmi til hugar væri að bera saman fjölda kláraðra markmiða, sem hefur þó þann veikleika að hún er langt frá því að teljast lýsandi. Ástæðan felst í því að markmið eru miserfið og tímabil með hærra hlutfall fyrirhafnarmikilla eða fljótafgreiddra markmiða gæti skekkt samanburðinn óhóflega.

Áður en farið væri djúpt í samanburðarpælinguna þarf að athuga hvort það sé yfirhöfuð þörf á tölfræðilegum samanburði. Tölfræðinördinn í mér væri án efa ánægður með samanburð á við þennan en sú forvitni ein og sér dugar ekki sem réttlætning. Ekki yrði nóg að geta komið með slíkan

Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2018

samanburð heldur þyrfti einnig að vita þýðingu þeirra upplýsinga og jafnframt hvaða lærdóm væri hægt að draga af þeim þegar þær lægju fyrir.

Í boði er þó að framkvæma ótölfræðilegan samanburð sem fælist í því að meta hvort lærdómur frá fyrri skiptum skilaði sér til þeirra síðari. Í þessari skýrslu er vísað til ýmissa hluta sem ég hef lært frá fyrri árum en skilað sér með mismiklum árangri sem ég tel óþarft að endurtaka þær hér.

Hvað er framundan?

Í ár komu í ljós ýmis atriði sem hefðu mátt fara betur og vil ég endilega bæta úr þeim í framtíðinni. Sum þeirra hefði ég ekki getað rekist á nema með yfirferðinni er fyrirkomulag þessara skýrsluskrafa leiðir til, sem er frekari sönnun á mikilvægi þess að gera hana. Ábendingar um hvernig megi gera skýrslurnar enn betri í framtíðinni eru vel þegnar.

Vonast er til þess að skrif þessarar skýrslu sem og síðari gagnrýnin á efni hennar verði til þess að frekari lærdómur ávinnist vegna framkvæmdar sumarmarkmiðanna þetta árið sem nýtist í framtíðinni.

Nánari upplýsingar um sumarmarkmiðarátakið er að finna á <https://kjarrval.is/sumarmarkmid> .

© Svavar Kjarrval. Dreifing þessa skjals er háð Creative Commons Zero dreifingarleyfinu.